

B) Fyrirtæki	flokkur 1	Sorphirðugjald	Kr.	4 450
	flokkur 2	Sorphirðugjald	Kr.	13 350
	flokkur 3	Sorphirðugjald	Kr.	22 250
	flokkur 4	Sorphirðugjald	Kr.	53 400
	flokkur 5	Sorphirðugjald	Kr.	111 250
	flokkur 6	Sorphirðugjald	Kr.	222 500
	flokkur 7	Sorphirðugjald	Kr.	249 200

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstangahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Umhverfissráðuneytið, 28. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 3467. september 1992, um þorskfisknet.

1. gr.

Í stað orðanna: „31. janúar“ í 3. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar komi: 15. febrúar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. janúar 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.